

## Viðræðunefnd um sameiningu sveitarfélaga Opinn fundur með íbúum

5. fundur í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, miðvikudaginn 12. janúar 2022, kl. 17:00.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst (í fjarfundarsambandi).

Frá Svalbarðshreppi: Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason (í fjarfundarsambandi frá Svalbarðsskóla).

Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar og Róbert Ragnarsson ráðgjafi (í fjarfundarsambandi) og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Fundurinn sendur út og tekinn upp.

### Fundargerð

#### 1. Fjármál og þjónusta mögulega sameinaðs sveitarfélags.

Róbert flutti framsögu um efni fundarins, fjármál og mögulega þjónustu sameinaðs sveitarfélags. Stjórnskipulag og fjármál eru grunnatriði. Framlög vegna sameiningar gætu numið um 550 milljónum á 7 árum. Hann rakti fjárhagsstöðu sveitarfélagana og framtíðar stöðu ef af sameiningu verður. Ennfremur skattamál, tekjur og gjöld á íbúa.

#### 2. Fyrirspurnir og athugasemdir:

1. Athugasemd; ekki fráveitugjöld og vatnsgjöld í Svalbarðshreppi. Verða þau lögð á?
2. Athugasemd frá Sigurði; ekki langtímaskuldir í Svalbarðshreppi en þarf að taka lán fyrir viðgerðum á VER og til að fjármagna hallarekstur.
3. Marinó; samfélagsverkefni að laga vegi og sérstaklega heimahlöð á bæjum.
4. Hvað flokkast sem atvinnuhúsnæði; landbúnaðarbyggingar, veiðihús, ferðaþjónustuhús?
5. Hvað kemur aðalskipulags vinna fyrir sameinað sveitarfélag til með að kosta?
6. Er hægt að benda á fjárhagslegan sparnað af sameiningu ef svo er hver er hann?
7. Er sameiningarnefndin búin að reikna út hvert fjallskilagjald hugsanlega verður per /kind í sameinuðu sveitarfélagi miðað við þann fjárfjölda sem er í dag í báðum hreppunum
8. Með fjallskilagjaldsspurningunni er ég að velta fyrir mér hvort sameinuðu sveitarfélagi er stætt á öðru en því að hafa sama gjald á kind út frá jafnræðisreglu.
9. Er einhver áætlun um hvernig á að sameina samfélögin sjálf eða haldið þið að þess þurfi ekki?

10. Þannig að menn koma út í mínus. Hvað er Langanesbyggð að nota þessi 10% sem greiddar eru í umsýslukostnað?
11. Sparnaður af sameiningu er væntanlega enginn þar sem þessi 10% fara væntanlega út.
12. Hvað má nota fasta framlagið ef ekki á að nota það í stjórnsýsluna?
13. Verður snjómokstur eftir sameiningu?
14. Tekjur aukast við það að hækka gjöld á íbúa Svalbarðshrepps.
15. Marinó; aðalskipulag í sveitum, hvernig er með það?
16. Hver eru laun sveitastjórnarfólks í Langanesbyggð? Eftir hverju eru þau reiknuð? Íbúafjölda? eða fundarfjölda?
17. Er einhver stefna í að auðvelda einstaklingum, litlum fyrirtækjum að byggja íbúðir/atvinnuhúsnæði. t.d. fella niður gjöld í upphafi, gatnagerðagjöld og fleira? Hefur þetta verið rætt hjá sveitarfélögunum?
18. Verður sorp sótt heim á bæi eftir sameiningu?
19. Hver verður svo næsti áfangi í sameiningum ef þessi gengur eftir?
20. Þarf Langanesbyggð ekki að endurnýja sorpsamninga eftir sameiningu? ef af verður?

Fundi slitið kl. 18:30.